

3. gr.

Við reglugerðina bætast þrjár nýjar greinar sem verða 6.-8. gr. og orðast svo:

a. (6. gr.)

Endurgreiðsluaðili skal fyrir 5. hvers mánaðar senda skattstjóranum í því umdæmi er endurgreiðsluaðili hefur lögheimili uppgjörsskýrslu vegna endurgreiðslna síðastliðins mánaðar. Uppgjörsskýrsla skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Fallist skattstjóri á uppgjörsskýrslu skal endurgreiðsluaðili fá endurgreidda heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem erlendir ferðamenn hafa greitt af keyptri vöru samkvæmt uppgjörsskýrslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal innheimtumaður annast greiðsluna innan tíu daga frá lokum skilafrests skv. 1. mgr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan tíu daga frá því að skattstjóri samþykkti greiðslu. Geti skattstjóri, af ástæðum er varða endurgreiðsluaðila, ekki gert nauðsynlegar athuganir á uppgjörsskýrslu eða gögnum sem skýrslugjöf byggist á, framlengist greiðslufrestur ríkissjóðs þar til úr þeim anmörkum hefur verið bætt.

b. (7. gr.)

Komi í ljós að greiðsla til endurgreiðsluaðila hafi verið of há skal skattstjóri þegar tilkynna viðkomandi endurgreiðsluaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Endurgreiðsluaðila ber að endurgreiða innheimtumanni það sem ofgreitt er eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu tilkynningar skattstjóra. Um dráttarvexti vegna of hárrar greiðslu fer eftir vaxtalögum nr. 25/1987.

c. (8. gr.)

Endurgreiðsluaðila ber að varðveita endurgreiðsluávísanir, uppgjör og önnur gögn er varða endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt reglugerð þessari í sjö ár frá lokum viðkomandi árs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. reglugerðar nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. mars 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá.

1. gr.

Skattstjórar skulu árlega leggja fram álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá í hverju sveitarfélagi.

2. gr.

Álagningarskrá skal leggja fram samtímis auglýsingu skattstjóra um að álagningu samkvæmt 95. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sé lokið og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. Í álagningarskrá skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattskrá skal leggja fram þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð skv. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í skattskrá skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Samtímis skal lögð fram virðisaukaskattsskrá en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða endurgreiddan virðisaukaskatt hvers skattskylds aðila.

3. gr.

Álagningarskrá skal liggja frammi þá daga sem frestur til að kæra álagninguna stendur.

Öll útgáfa upplýsinga úr álagningarskrá er óheimil, hvort heldur sem er í heild eða að hluta. Þó er heimilt að birta í fjölmiðlum upplýsingar úr álagningarskrá á þeim tíma sem hún liggur frammi. Skal um þá birtingu fara samkvæmt því sem segir í 4. gr. reglugerðar þessarar.

Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis á hentugum stað í tvær vikur í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

4. gr.

Upplýsingar úr álagningar-, virðisauka- og skattskrá má aðeins birta á þann hátt sem þær koma fyrir í skránum. Öll úrvinnsla upplýsinga úr skránum er óheimil, svo sem umreikningur álagðra gjalda yfir í tekjur eða veltufjárhæð, samanburður milli ára, framreikningur til núvirðis með vísitölureikningi o.s.frv. Óheimilt er að birta kennitölur í álagningarskrám og skattskrám sem ætlaðar eru til opinberrar birtingar hvort heldur á pappír eða í tölvutæku formi. Þeir einir mega fá afhentar skattskrár á tölvutæku formi sem hafa til þess sérstaka heimild eða starfsleyfi tölvunefndar.

5. gr.

Ríkisskattstjóri setur skattstjórum nánari reglur um framlagningu skráanna og aðgang almennings og fjölmiðla að þeim.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. mars 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Ragnheiður Snorradóttir.